

Bakkatún 2

Hvammstanga.

Mott júl '89
'01

Almennar skýringar.

Öll mál eru í millimetrum.

Raflagnaefni, lampar og annar búnaður skal vera samþykktur af viðurkenndum prófstofnunum, sem Löggildingarstofan viðurkennir, um faglegan frágang vísast til kafla í ákvæðisvinnugrundvelli rafvirkja, um vinnubrögð. Sannreyna skal uppgefinn víra og pípu fjölda. Öll tákni eru táknræn og ber að samræma lagnir að tækjum eftir aðstæðum og sérteikningum. Hér er sérstaklega bent á að kynna sér teikningu af eldhúsinnréttingu.

Pípur, Dósir og Tenglar.

Pípur skulu vera 16mm plastpípur, nema annars sé getið, þar sem pípur standa út úr veggjum, gólfi eða lofti, þar skal loka öllum pípum í báða enda með þéttmassa, sem er viðurkendur af brunamálastofnun. Ganga skal þannig frá pípuendum að vatn og óhreinindi komist ekki inn í þau, þar sem pípunar fara í gegnum brunahólfog eða gegnum veggj skal setja utan um kapla brunapéttirör "KLÍPAN" eða annað sem viðurkennt er af brunamálastofnun. Dósir skulu vera tryggilega festar, þær skulu vera vandaðar og úr plasti. Loftdósir skulu hafa skrufufestingu fyrir lampi. Rofa og tengladósir hafi skrufufestingu fyrir viðkomandi tæki. Allar dósir skulu vera sléttar við viðkomandi flöt. Þéttleiki dósa og tengiboxa gegn raka, ríki og óhreinindum skal miðast við það rými sem dósirnar eru settar í. Rofar skulu vera í 110 cm hæð frá fullkláruðu gólfi, mælt í miðja dós. Tenglar skulu vera í 20 cm hæð mælt í miðja dós. Ef rofa-tengla dósir eru settar lóðrétt upp frá hvorri annari þá skal hæð efstu dósar, mælt í miðja dós vera 110 cm. Rofar og tenglar í sömu einingu skulu vera í 110 cm hæð frá gólfi mælt í miðja efstu dós.

Spennujöfnun.

Spennujöfnun hreinlætistækja, afrenslis og vatnspípa skal framkvæma samkv. Reglugerðum um raforkuvirki. GR. 338. Til snertispennuvarnar skal beita núllun og lekastraumsvörn.

TENGLAR OG ROFAR.

Allir rofar og tenglar skulu vera af vandaðri gerð og rofar skulu gerðir fyrir a,m,k 10A og tenglar 16A málstraum miðað við 230V spennu og 50 rið.

Dreifiskápar.

Innan á hurð skal merkja allar greinar. Í dreifiskáp skal koma allur búnaður samkvæmt einlínummyndum. Jarðskinnur skulu vera úr eir. Lekastraumsrofar skulu vera með útleisinggu samkvæmt einlínummynd og rjúfa alla póla samtímis. Rofgeta þeirra skal vera minnst 10KA. Þeir skulu einnig hafa prófunarhnapp. Sjálfvör skulu vera fyrir minnst 10KA skammhlaupsstraum. Fleirpóla greinar eiga að setja sjálfvarið út ef einn póll verður yfirlestaður. Sjálfvör skulu vera með yfir og skammhlaupsvörn. Bræðivarrofar skulu vera gerðir fyrir að minsta kosti skammhlaupsrofgetu 50KA við 400V. Bræðivarrofar skulu vera þannig að þeir rjúfi alla póla samtímis.


Raftaugar og strengir.

Vír skal vera 3x1,5mm. nema annars sé getið. Raftaugar skulu vera plasteinangraður eirvír. Allar raftaugar skulu vera litamerktareftir forskrift frá Löggildingarstofu. Um gildleika vísast til einlínummyndar. Leiðarar raftauga og strengja skulu vera gerðir úr eir nema annars sé getið. Einangrunarkápa þeirra skal vera úr plasti. Við tengingu margþátta tauga skal nota klemmda strengskó eða vírendahúsur af réttri stærð


Halogenlýsing.

Halogenlýsing er 12V, spennar eru 230/12V. Frágangur halogenlýsingar sjá leikningu, einnig er hægt að smíða kassa sem eru 30x30x15 cm úr rauðum eldvarnarspónaplötum ljósin skulu ekki staðsett nær hlið kassans en 7cm, fjarlægð spennis frá ljósi skal vera lágmark 20cm og hámark 200cm.


Frágangur halogenljósa.





Bakkatún 2 Hvammstanga	Skjanni ehf. Helgi S Ólafsson raffr. <i>Helgi S. Ólafsson</i>	Teikn no. 1 af 7
		MKV.
		Teikn. Birgir Karls.
Skýringar		



Bakkatún 2 Hvammstanga	Skjanni ehf Helgi S Ólafsson raffr.	Teikn. no. 2
		MKV. 1/50
		Teikn. Birgir Karls.
Lágspennukerfi		



Bakkatún 2 Hvammstanga	Skjanni ehf. Helgi S Ólafsson raffr.	Teikn no. 3
		MKV. 1/50
		Teikn. Birgir Karls.
Fjarskiptakerfi		




ATHS.


Rafverktaki tryggir réttan frágang inntakspípu og að hún sé ídráttarhæf. Gæta skal þess að pípan þrengist ekki í beygju og skal beygjuradíus "R" eigi vera minni en 50 cm. Pípu skal skilað með nælonídráttartaug. Fyrir 63A heimtaug skal pípan ná út fyrir lóðamörk og þar skal endi hennar standa uppúr jörð tryggilega lokaður. Pípan skal lögð í harpaðan sand hulin a.m.k. 5cm lagi og skal lögð hornrétt að lóðarmörkum.

Afstöðumynd
Mál: 1:100


Bakkatún 2 Hvammstanga	Skjanni ehf. Helgi S Ólafsson raffr.	Teikn no. 4
		MKV. 1/50
		Teikn. Birgir Karls.
Afstöðumynd		



Bakkatún 2 Hvammstanga	Skjanni ehf.	Teikn no. 5
	Helgi S Ólafsson raffr.	MKV.
		Teikn. Birgir Karlsson
Einlínunmynd		




Skýringar.



Tengibox fyrir sökkulskaut skal ávallt vera sýnilegt og aðgengilegt. Staðsett við vatnsinntök eða undir töflu.

Bakkatún 2 Hvammstanga	Skjanni ehf. Helgi S Ólafsson raffr.	Teikn no. 6
		MKV. 1/50
		Teikn. Birgir Karls.
Sökkulskaut.		



Bakkatún 2 Hvammstanga	Skjanni ehf. Helgi S Ólafsson raffr.	Teikn no. 7
		MKV. 1/50
		Teikn. Birgir Karls.
Reyðskynjarar.		